

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/795*  
*komudagur 30.11.2012*



Reykjavík 30. nóvember 2012

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp, 191. mál**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir þingsályktun um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp og eru með eftirfarandi umsögn:

Það er skoðun SAF að heilsársvegur norður í Árneshrepp eigi að vera lagður og opinn allt árið. Heilsársvegur í Árneshrepp mun auka mjög ferðamannastraum norður bæði yfir sumar og vetrartímamann og eykur sérstaklega möguleika á að sinna þjónustu yfir vetrartímamann. Jöfnun árstíðasveiflunnar og betri dreifing ferðamanna um landið eru stærstu verkefni í íslenskrri ferðaþjónustu í framtíðinni. Sú ferðaþjónusta sem rekin er á svæðinu í dag leggst af yfir vetrartímamann þrátt fyrir miklar fyrirspurnir um aðgengi að vetrarlagi og mun heilsársvegur bæta úr því ástandi.

Einnig er nauðsynlegt að taka fram að við lagningu heilsársvegar mun öryggi og lífsgæði íbúa á svæðinu stórukast með tilheyrandi vexti í atvinnulífi.

Mikilvægt er að þessi tillaga, sem og aðrar sem fjalla um ferðaþjónustu, styðji við ferðamálaáætlun stjórnvalda og verkefnið ÍSLAND – ALLT ÁRIÐ sem er líka samvinnuverkefni stjórnvalda og fyrirtækjanna í ferðaþjónustu.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson